

KALDPRESSAÐ STÁL Stálið sem Guðjón notar er líka notað í byggingariðnaði en Guðjón telur það á vissan hátt bera í sér líkinguna við módernismann og við nútímann. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

Afsprengi arkitekts

Guðjón Bjarnason, myndlistarmaður og arkitekt, hefur sprengt skúlptúrana sína síðastliðin tíu ár en í verkum sínum vinnur hann með tómið og möguleika hins ófyrirsjáanlega. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* rölti um Hafnarhúsið ásamt sprengjuglaða fjöllistamanninum og sá sýninguna hans AFsprengi HUgsunar sem opnaði um helgina.

„Hver skúlptúr er einstakur," segir listamaðurinn og útskýrir að verkin sín séu mótsagnakennd og hann vilji ganga fram af ímyndunaraflinu við gerð þeirra. „Verkin snúast ekki um mátt eyðileggingarinnar, um ryðmyndun eða nostalgíu gagnvart tíma heldur eru þetta miklu frekar háþróuð verk sem á vissan hátt eru á undan sinni samtíð."

Á sýningunni ber fyrir augu fjöldann allan af stálbrotum sem hefur verið raðað upp, ýmist kerfisbundið í hálfgerð mynstur eða kaotískt inn í rými þar sem leitast er við að að endurskapa sprenginguna sjálfa. Einnig ber fyrir augu málverk og ljósmyndir, kvikmynd sem gerð var um sköpunarferli skúlptúranna og líkan af húsi sem Guðjón hyggst reisa. „Það heitir Sprungið hús," segir Guðjón en það leyndarmál hvar á að reisa það.

Stálið lifnar við

Guðjón notar kaldpressað stál í skúlptúrana. „Þetta er háþróuð nútímaafurð, stál sem notað er í byggingariðnaði og þetta efni ber á vissan hátt í sér líkinguna við módernismann og við nútímann. „Áður en ég sprengi skúlptúrana er þeim raðað upp mjög kerfisbundið, í reglufast kerfi þar sem við mælum fjarlægðir upp á millimeter til þess

„Fólk fær oftast óstöðvandi hlátursköst í nokkrar mínútur á eftir sprengingarnar."

að kalla fram sem mestar öfgar," segir Guðjón. Stálið er sérstaklega sterkt en má sín lítils gagnvart dínamítinu og hamflettist á ófyrirsjáanlegan hátt. „Skúlptúrarnir fara í gegnum ákveðið vinnuferli," útskýrir Guðjón en eftir sprengingarnar er þeim safnað saman og þeir lakkaðir. „Það glittir samt allt af í málminn," segir listamaðurinn „og þú sérð óhreinindin og leifarnar af sprengingunni."

Guðjón líkir vinnuaðferð sinni við ósjálfráða teikningu eða skrift. „Ég nota dínamít eins og aðrir nota penna og blað, ég nota það til að teikna og forma hluti," segir Guðjón en í verkunum leyfir hann efninu að ráða. „Verkin eru með lágmarksstýringu þó ég skipuleggi mjög vísindalega, t.d. magn sprengiefnisins sem ég nota sem og tímann milli sprenginganna." Sprengingin verður síðan hvatinn sem kemur öllu öðru af stað og Guðjón segir afraksturinn brenglaðir og afstæðari heldur en mannshugurinn gæti nokkurn tíma látið sér detta í hug.

Drunur í Geldinganesi

„Þetta er ákaflega skemmtilegt vinnuferli, myndlist á að vera skemmtileg," segir Guðjón brosandi. „En þetta er líka ákaflega flókið mál að sprengja svona nærri byggð. Það er ekki hægt að búa til svona listaverk á mörgum stöðum í heiminum, t.d. ekki í kringum borgir í Evrópu eða í Bandaríkjunum. Ástandið þar er hreinlega of ótryggt. Spennan of mikil."

Hér heima þarf líka að fara í

E*TRADE®

Velkominn Noregur!



25 félög mynda úrvalsvísitöluna í norsku kauphöllinni.